



Formannafundur LH

Haldinn 27. október 2017 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Fundargerð

Formaður LH, Lárus Ástmar Hannesson býður fundargesti velkomna og kynnir fundarstjóra til leiks, Marteinn Magnússon. Marteinn tekur við stjórninni og hefur fundinn.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður LH fer yfir starf liðins árs kynnir þau ýmsu verkefni sem LH kemur að og hefur sett á laggirnar. Sjá nánar í skýrslu stjórnar.

2. Reikningar 2016 og 8 mánaða uppgjör 2017

Ólafur Þórisson gjaldkeri LH fór yfir ársreikning 2016 og árshlutauppgjör 2017.

Marteinn árétti að reikningar væru hér ekki til samþykktar heldur eru þeir samþykktir á landsþingi. Engu að síður opnaði fundarstjóri umræðu um reikninga.

Skapti Steinbjörnsson bað um orðið:

Skapti þakkar formanni skýrslu stjórnar og gjaldkera fyrir reikninga. Keyrði að norðan í morgun, lýsir hvernig honum er innanbrjósts. Varðar bréfaskriftir okkar Sig Sig við valnefnd og stjórn LH um tilnefningar á gæðingaknapa ársins. Ákvað að skrifa stjórn og valnefnd og fá skýringar. Á slík nefnd ekki að fara að lögum og reglum LH? Auðvitað á sá besti að sigra. eru þetta vinnubrögð að sviða af manni æruna eins og hún hafi ekkert betra að gera? Við Sigurður munum fara með þetta mál á endapunkt. Það er ljóst að stjórnin ber ábyrgð og þarf að taka afleiðingum gjörða sinna. Bera LH hag alla að brjósti eða sumra? Langar að spyrja stjórn LH hvort þetta séu starfsaðferðir LH? Skapti biður stjórn um rökstuðning.

3. Æskulýðsbikar LH

Helga B. Helgadóttir formaður æskulýðsnefndar LH fór í stuttu máli yfir æskulýðsstarfið í félögunum og metnaðinn sem þar er. Handhafi æskulýðsbikars LH 2017 er hestamannafélagið Brimfaxi í Grindavík.

Þingskjöl frá landsþingi 2016

Andrea Þorvaldsdóttir meðstjórnandi í stjórn LH fór yfir þingskjöl frá síðasta landsþingi LH í Stykkishólmi 2016. Öll þingskjöl sem samþykkt voru og eru lagabreytingar eru komin inn í lög og reglur LH.

- Farið yfir skipulag formannafundar og rætt um þingskjöl sem eru í millipinganefnd.
- Allar samþykktar lagabreytingar eru komnar í “Lög og reglur” nema þingskjal 5a um boðun formannafundar. Þau þingskjöl sem átti eftir vinna eru í eftirfarandi ferli:
Þingskjal 7 – Skráningar í Íslandsmetum – er í millipinganefnd



- Þingskjal 12- Forma áhugaverðar keppnisgr. Fyrir polla – vísað til ÆLN
- Þingskjal 15a – Leiðbeiningar fyrir mótshaldari – er í vinnslu á skrifstofunni
- Þingskjal 17a – Samræma reglur í fótaskoðun – er í vinnslu hjá Járningamannafélaginu
- Þingskjal 18a – Kostnaður við uppbyggingu reiðvega – Vísað til stjórnar, er í stöðugri vinnslu.
- Þingskjal 19a- Íslandsmót yngri flokka verði WR mót – vísað til ÆLN
- Þingskjal 24 – Um félagaskipti – vísað til laganefndar
- Þingskjal 31 – Siðareglur dómara – vísað til HÍDÍ og GDLH
- Þingskjal 33 – Kröfur um mótsvæði – Vísað til mannvirkjanefndar
- Þingskjal 35 – Sérstök öryggisvesti – í vinnslu á skrifstofunni
- Þingskjal 40 – Reglur um tímalengd dómgæslu – vísað til HÍDÍ og GDLH

Kaffihlé

4. Erindi:

- a. Rannsóknir á landsmótum – Ingibjörg Sigurðardóttir
- b. Reiðþjálfun fatlaðra – Oddrún Ýr Sigurðardóttir
- c. Þjálfarastig ÍSÍ og nám í hestamennsku – Mette Mannseth
- d. Kynning á Horses of Iceland markaðsverkefningu – Þórdís Anna Gylfadóttir
- e. Samantekt frá málþingi um úrbætur í reiðvegumálum – Halldór Halldórsson

5. Samantekt úr vinnuhópum

- a. Formenn
 - i. Sjálfbóðaliðastarf – vantar fleiri til að starfa fyrir félögin. Mikilvægt að hvetja fólk til starfa og umbuna því.
 - ii. Dagur íslenska hestsins – bjóða fólki á bak, opna hesthúsin,
 - iii. Grunnskólanylíðun – fjölbreytt. Margt sem félögin eru að gera í þessu sambandi.
 - iv. WF – myndefni alltaf að bætast við, verður orðið mjög öflugt eftir eitt ár. Er hvati fyrir félögin að selja aðgang?
 - v. Þingfulltrúar á landsþing – Óðinn Elísson formaður laganefndar fór yfir hvernig tillögur fyrir landsþing eru unnar og afgreiddar. Þetta þurfum við að skoða mjög vel og til stendur að bjóða upp á leiðbeiningar fyrir félögin í þessu sambandi.
- b. Gjaldkerar/framkvæmdastjórar
 - i. Hvað kostar að reka reiðhöll – kostar mikið, afnot af reiðhöllum er mjög misjafnt og gjald fyrir félagi er mjög misjafnt. Það er gríðarlega misjafnt hvort félögin eigi reiðhallirnar sjálf eða leigi aðstöðu af sveitarfélagi. Endilega hvetja félögin til að skoða samninga við sín sveitarfélög, varðandi reiðhallir, aðstöðumál og æskulýðsmál.
 - ii. Rekstur móta – heillavænlegast að láta greiðslur fara í gegnum banka, t.d. greiðslur til dómara. Kynningarferð verður farin um landið um nýtt tölvukerfi. Á sama hátt og í gamla kerfinu kostar skráningin eitthvað og LH innheimtir það



fyrir öll mót að hausti. Dómarar eru stór kostnaður, upp kom sú hugmynd að greiða daggjald fyrir dómara. Það myndi hjálpa félögum úti á landi. Hugmynd kom upp að hluti af skráningargjaldi færi í jöfnunarsjóð dómara.

- iii. Beitargjöld – nýtt
 - iv. Félagsgjöld – 5000 kr upp í 13000 kr.
- c. Æskulýðsfulltrúar
- i. Sýnum karakter – sýnumkarakter.is er magnaður vefur þar sem er fullt af punktum og efni til að nýta inni í okkar félagsstarfi. Ráðstefna var haldin í september þar sem ungmennum var boðið. Var verið að sýna þeim sjálfboðastarf og kynna möguleikana til þátttöku í íþróttastarfi.
 - ii. Hestamennska í skólum – Alma Gulla sagði frá sínu starfi á Hvolsvelli. Er með krakka úr 9. og 10. bekk og það gengur gríðarlega vel.
 - iii. Nýliðun/hestaklúbbur – Karen og Sif í Fáki kynntu. Markmiðið er að stunda íþróttina allt árið, koma reglulega á „æfingu“ og sinna áhugamálinu/íþróttinni þannig.
 - iv. Tekin verður saman skýrsla um æskulýðsstarfið frá þeim Ölmu Gullu, Karen og Sif og kynna starfið vel fyrir æskulýðsfulltrúum.

6. Önnur mál

- a. Yfirlýsing stjórnar LH varðandi mál Skapta Steinbjörnssonar og Sigurðar Sigurðarsonar:

„Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur, að beiðni Skapta Steinbjörnssonar, farið yfir mál Sigurðar Sigurðarsonar og Skapta Steinbjörnssonar. Valnefndin vann af heilindum eftir þeirri reglugerð sem fyrir liggur og í gildi er. Í rökum sínum er notast við 4 grein reglugerðarinnar.

Eftir yfirferð með lögmanni og í ljósi nýrra gagna hefur stjórn Landssambands hestamannafélaga ákveðið að bæta Sigurði Sigurðarsyni og Skapta Steinbjörnssyn á tilnefningarlistann fyrir gæðingaknapann 2017.

Á listanum verða því 7 knapar tilnefndir í flokki gæðingaknapa þetta árið.

Stjórn LH biður hlutaðeigendur aðila velvirðingar.

Stjórn Landssambandsins hefur jafnframt ákveðið að taka til gagn Gerrar endurskoðunar þá reglugerð sem valnefndin vann eftir.”

- b. Skapti: Ég sætti mig við niðurstöðuna, það getur öllum orðið á. Lít björtum augum á framtíðina og þakka fyrir mig.

Fundi var slitið kl 18:40.

Fundargerð rituðu Hilda Karen Garðarsdóttir og Hjörny Snorradóttir